

Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2015, fimmtudagurinn 8. október, var haldinn 139. fundur Hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn Vesturgarði og hófst kl. 12.06. Viðstödd voru: Sverrir Bollason, Teitur Atlason, Kjartan Magnússon, Marta Guðjónsdóttir, Margrét Marteinsdóttir og Gréta Björg Egilsdóttir. Einnig sátu fundinn þau Sigrún Skaftadóttir deildarstjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar í fjarveru Sigprúðar Erlu og Hörður Heiðar Guðbjörnsson, verkefnastjóri í Vesturgarði sem jafnframt ritaði fundargerðina.

Petta gerðist

1. Kynning á uppbyggingu á Keilugranda: Guðrún Ingvarsdóttir og Gísli Örn Bjarnhéðinsson f.h. Búseta komu og kynntu uppbyggingu á Keilugranda.
 - Kl. 12.12 Kjartan tekur sæti á fundi.
 - Kl. 12.40. Guðrún og Gísli Örn yfirgefa fundinn.

Bókun Sjálfstæðisflokks:

Samkvæmt fyrirbyggjandi lýsingu verður heimilað að reisa 4-6 hæða fjölbýlishús á lóðinni Keilugranda 1 (SÍF-reitnum) með allt að 78 íbúðum. Sjálfstæðisflokkurinn leggst gegn þessum fyrirætlunum borgarstjórnarmeirihlutans og vill að umrædd lóð verði öll nýtt í þágu íþrótt- og æskulýðsstarfsemi í Vesturbænum í samvinnu við Knattspyrnufélag Reykjavíkur (KR). Við svo mikla þéttingu byggðar og fjölgun íbúa sem fyrirhuguð er í Vesturbænum á næstu árum er mikilvægt að framsýni ráði för og séð verði til þess að innviðir hverfisins geti þjónað vaxandi íbúafjölda. KR-svæðið er nú þegar of lítið til að sinna núverandi þörf fyrir íþróttastarf í Vesturbænum, hvað þá þeirri fjölgun sem stefnt er að. Það er því skammsýni hjá meirihluta borgarstjórnar að skipuleggja fjölbýlishúsabyggð á síðasta svæðinu í Vesturbænum, sem hentar vel fyrir stækkun KR-svæðisins. Raunhæfasta lausnin á aðstöðuvanda íþróttastarfs barna- og unglunga í Vesturbænum er, að borgin semji við KR um að betrubæta starfsemi sína á núverandi svæði við Frostaskjól en fái að auki lóðina Keilugranda 1 til framtíðarþróunar.

Bókun Samfylkingarinnar:

Fram kom í máli Búseta og áður hefur það komið fram á fundi með fulltrúum KR með hverfisráðinu s.l. haust að KR hefur ekki áhuga á að taka svæðið til uppbyggingar og hefur vísað því frá sér. Þess í stað mun Búseti þróa svæði til eflingar lýðheilsu á lóðinni. Undir það verður þó tekið að mikilvægt sé að fundin séu tækifæri til uppbyggingar íþróttasvæðis KR.

Bókun Sjálfstæðismanna:

Í a.m.k. 15 ár hafa forsvarsmenn KR og íbúar í Vesturbænum lýst yfir áhuga á að fá afnot af umræddri lóð fyrir starfsemi félagsins. Á síðasta kjörtímabili fékk KR skýr svör frá meirihluta Samfylkingar og Bjartrar framtíðar (Besta flokksins) um að ekki kæmi til greina að félagið fengi lóðina undir starfsemi sína þar sem til stæði að ráðstafa henni undir fjölbýlishúsabyggð. Sagt var að til greina kæmi að KR fengi afnot af hluta lóðarinnar, þ.e. lítið svæði á baklóð væntanlegs fjölbýlishúss. Fljótlega kom í ljós að þau afnot væru í engu samræmi við þarfir KR og afþakkaði félagið því frekari þátttöku í verkefninu.

2. Kynning á stöðu ungmenna í hverfinu: Sigrún Skaftadóttir og Halldór K Júlíusson deildastjórar í Vesturgarði fóru yfir þessi mál, en þau ræddu um málefni barna frá leikskólaaldri til fólks að 24 ára aldri.

- Kl. 13.06 Halldór og Sigrún yfirgefa fundinn.
- 3. Umsóknir um styrki til hverfisráðs Vesturbæjar: Alls bárust 6 umsóknir og voru þær frá Frístundamiðstöðinni Frostaskjóli, Prýðifélaginu Skildi, Íbúasamtökum Vesturbæjar, Foreldrafélögum grunnskóla vegna Þrettándahátíðar Vesturbæjar, Landakotsskóla og félaginu Ljóðvegum. Niðurstöður ráðsins voru þær að Prýðifélagið skjöldur fær 20.000 kr., Íbúasamtök Vesturbæjar 80.000 kr. og Þrettándahátíðin 100.000 kr.

Bókun:

Sjálfstæðismenn, Framsókn og flugvallarvinir ásamt Teiti Atlasyni óska eftir því að upplýsingar um styrkveitingu frá hverfisráði Vesturbæjar verði skoðaðar frá árumun 2010-2015.

Fundi slitið kl. 13.45

Sverrir Bollason (sign)

Teitur Atlason (sign)
Margrét Marteinsdóttir (sign)

Kjartan Magnússon (sign)
Marta Guðjónsdóttir (sign)